



Félag háskólakennara

Félag háskólakennara vill koma eftirfarandi dæmum og skýringum á framfæri varðandi þá breytingu á starfsskyldum lektora og dósentna sem taka munu gildi um n.k. áramót. Á ás lengst til vinstri í meðfylgjandi töflu má sjá núverandi fyrirkomulag og þann kennslustundafjölda sem því fylgir. Í dæmi A má sjá að nýtt fyrirkomulag lækkar kennsluskyldu um 32 stundir án nokkurar stjórnunarvinnu. Í dæmum B-D má sjá hvernig kennsluskyldutímum fækkar eftir því sem kennarar taka á sig stjórnunarstörf. Ekkert af þessum dæmum eru fastskipuð, heldur byggja á samkomulagi við deildarforseta. Afsláttur vegna nefndarstarfa getur aldrei orðið minni en 32 stundir og hækkar koll af kalli eftir nánari skilgreiningu sem fram kemur í samþykkt háskólaráðs frá því í vor og lesa má um hér: http://fh.hi.is/files/kennsluskylda_2014.pdf

| Núverandi kerfi | A | Nýtt kerfi | C | D |
|---------------------------|---------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|
| 52% kennsla | 50% kennsla | 48% kennsla | 47% kennsla | 41% kennsla |
| 6% stjórnun | 0% stjórnun | 2% stjórnun | 3% stjórnun | 9% stjórnun |
| 425 rannsóknir | 50% rannsóknir | 50% rannsóknir | 50% rannsóknir | 50% rannsóknir |
| | | | | |
| | | | | |
| | Engin | A hluta | A hluta | Sérverkefni |
| | stjórnunarstörf. | nefndarstörf | nefndarstörf | tímabundið |
| | | 32 stundir í | 32 stundir í | 128 stundir í |
| | | kennsluafslátt. | kennsluafslátt. | kennsluafslátt. |
| | | | B hluta | B hluta |
| | | | nefndarstörf | nefndarstörf |
| | | | 16 stundir í | 16 stundir í |
| | | | kennsluafslátt. | kennsluafslátt. |
| | | | | |
| | | Möguleiki á aukinni yfirvinnu | Möguleiki á aukinni yfirvinnu | Möguleiki á aukinni yfirvinnu |
| | | | | |
| Kennsla alls á ári | Kennsla alls á ári | Kennsla alls á ári | Kennsla alls á ári | Kennsla alls á ári |
| 833 stundir | 801 stundir | 769 stundir | 753 stundir | 657 stundir |

Nýtt fyrirkomulag starfsskyldna gerir ráð fyrir að þær skiptist til helminga í rannsóknir og kennslu en afsláttur komi til viðbótar á kennsluskyldu fyrir vel skilgreind stjórnunarstörf. Það

er því ekki verið að rýra kjör kennara, heldur gerð tilraun til að mynda skilvirkara og einfaldara kerfi til að bæta hag þeirra. Breytingin skerðir engin réttindi kennara. Þvert á móti felast mörg tækifæri til kjarabóta fyrir þá sem sannarlega vinna stjórnslusörf bæði með kennsluafslætti og aukinni yfirvinnu eftir því sem við á á ólíkum sviðum skólans. Stjórnunarstörf sem greitt hefur verið með beinum yfirvinnugreiðslum breytast ekki og verður umbunað eins fyrir og áður.

Ljóst er að mikils misskilnings gætir víða meðal kennara á þessu fyrirkomulagi og vill félagið því eindregið beina því til félagsmanna að kynna sér reglur fyrirkomulagsins með opnum huga. Fyrirkomulagið er hér meðfylgjandi sem pdf-skjal.